



MUNDILFARI

Félagsblað Lífsspeki Félagins 2. tbl. 47. árg. maí 2019
ábm. Birgir Bjarnason

Lífsspeki Félag Íslands, Ingólfsstræti 22. Pósthólf 1257, 121 Reykjavík, sími 551 7520

Sími Ganglera: 896 2070

Einkunnarorð sumarskólans eru: Lífið er eitt.

Á rúmum hundrað árum hafa orðið markverðar og víðtækar breytingar á viðhorfum til andlegra mála. Um aldaðir töldust þau vera einkamál trúarstofnana á Vesturlöndum og þegar svokölluðum raun- eða efnisvísindum óx fiskur um hrygg voru viðbrögð geistlegra yfirvalda á þann veg að gjáin á milli anda og efnis í vitund manna dýpkaði enn frekar. Þrátt fyrir tilkomu og vöxt fjölbreytilegra þekkingargreina þá einskorðaðist „andinn“ við rótgrónar trúarstofnanir sem lög og reglur veittu víðtækt vald yfir öllum þorra mann. Ekki er fjarri lagi að tala um ríki í ríkinu.

En uppgötvanir í vísindum hafa nú breytt viðhorfum manna til „efnisins“ að miklu leyti svo hvað er þá átt við þegar rætt er um anda annars vegar og efni hins vegar?

H.P.Blavatsky var á meðal þeirra sem gagnrýndi ofangreinda sundurgreiningu og benti á að könn-

un á hinum helgu ritum mannkynsins sýndi að grunntónn þeirra væri í raun rétttri samþætting alls lífs eða sameiginleg uppspretta alls sem er og að það væri hina eiginlegu forsendu siðrænnar boðunar að finna. Eðlilegt væri því að leitast við að koma auga á það sem sameinar en ekki það sem sundurgreindir.

En er þá þessi eining ekki bara einskonar fræðikenning eins og svo margt annað? Staðreyndin er sú að fjöldi fólks hefur greint frá upplifun á dýpri og víðtækari veru og vitund sem einkennist af einingu og leiðir í ljós að dagsdagleg vitund, sem er öll í brotum, er í raun rétttri afar mikil takmörkun á veruleikanum. Þessari reynslu fylgir mikill fögnuður og eigindir, eins og fegurð og gæska, öðlast nýtt gildi. Eðlilegur ávöxtur þessarar upplifunar er aukin ábyrgðartilfinning og starf í þágu einingar og betra jarðlífs. JEB



Á myndinni er hægt að sjá leiðina að Hótel Kriúnesi.

Sumarsamvera Lífspekifélagsins
í félagshúsinu og á Kríunesi við Elliðavatn, dagana 28. og 29. júlí 2019

Tilkynnið þátttöku í eftirfarandi síma eða netfang:

694 2532 jonben@internet.is Jón E Benediktsson
og 861 4777 Leifur Leifsson

Dagskrá:

Föstudagur 28. júní

í húsi félagsins, Ingólfsstræti

18:00 Jón E Benediktsson: *Lífshjólið*.
Umræður um einkunnarorð samverunnar í
framhaldi af erindinu.
20:00 Úr fræðum Martinusar.
Kvöldhressing og umræður um efnið á eftir.

Laugardagur 29. júní að Hótel Kríunesi,
Vatnenda

10:00 Hugleiðing
10:30 Jón Pétur Þorsteinsson: *Ahimsa fyrir
21.öldina. Hugmyndir um það hvernig forna
hugmyndafræðin Ahimsa gæti hjálpað okkur að*

*ná áttum á tímum neysluhyggju,
verksmiðjubúskapar og hamfarahlýnunar.*
12:00 Hádegisverður.
13:30 Gönguferð og smá gjörningur í umsjá
Melkorku Eddu.
14:30: Atriði í umsjá Önnu Valdimarsdóttur og
Valdimars Sverrissonar: *Gamandrama. Að gera
gott úr erfiðleikum.*
16:00 Síðdegiskaffi.
16:30 Anna Bjarnadóttir leiðir æfingar í *Spring
Forest Qigong*.
17:30: Smíðja. *Framtíðarsýn Lífspekifélagsins.*
19:00 Kvöldverður.
20:00 Haraldur Erlendsson fjallar um *vitundina
og landið*.
21:30 Almennar umræður.

Verð á mat á Hótel Kríunesi laugardaginn 29. júní

Morgunverðarhlaðborð	kr. 1.500
Hádegisverður – Súpa og salat	kr. 2.200
Eftirmiðdagskaffi	kr. 1.000
Tveggja rétta kvöldverður:	
Silungur eða veganréttur og desert	kr. 4.500

Um hádegisverð og kvöldverð gildir að gestir þurfa að tilkynna fyrirfram hvort þeir ætli að vera í mat og einnig hvort þeir vilji silung eða veganrétt.
Tilkynnið þetta í eftirfarandi síma eða netfang fyrir 21. júní.

694 2532 jonben@internet.is Jón Ellert

Kaffi og meðlæti eru þátttakendum að kostnaðarlausu að Ingólfsstræti 22.
Lífspekifélagið innheimtir ekkert þátttökugjald.

Aðalfundur félagsins var haldinn 6. maí sl. Í stjórn eru Jón E Benediktsson, deildarforseti, Birgir Bjarnason, Magni Sigurhansson, Leifur H. Leifsson og Brynja Gísladóttir. Í varastjórn eru: Haraldur Erlendsson, Helgi Ásgeirsson og Melkorka Edda Freysteinsdóttir. Árgjald félagsins var ákveðið 5.500 kr. og áskriftargjald Ganglera 3.500 kr.